

43. fundur

Hafnarnefnd hélt fund miðvikudaginn 13. apríl 2005 kl. 20.00 í Ráðhúsinu. Mættir voru Símon Már Sturluson, formaður, Guðbrandur Björgvinsson, Bæring Guðmundsson, Valdimar Kúld Björnsson, Hrannar Pétursson, hafnarvörður, Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð Hrannar, hafnarvörð velkominn á sinn fyrsta fund sem hafnarvörður.

1. Hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmshöfn.
Hafnarnefndin fór yfir drög að reglugerð fyrir Stykkishólmshöfn og gerði á henni nokkrar breytingar.
Nefndin samþykkti að vísa reglugerðardrögunum með áorðnum breytingum til afgreiðslu í bæjarstjórn.
2. Gjaldskrá.
Farið var yfir gjaldskrá Stykkishólmshafnar og gerðar tillögur að nokkrum breytingum og gjaldskránni vísað þannig til bæjarstjórnar.
3. Hafnarkrani.
Hafnarnefnd leggur til að keyptur verði nýr krani á Liltu-bryggju fyrir ca. 2,2 m.kr. uppkominn.
4. Vinnuvélar á hafnarsvæði.
Rætt var um að fjarlægja þyrfti bíla og tæki sem lagt er á hafnarsvæði án heimildar.
5. Konráð Ragnarsson.
Á morgun kl. 16.30 verður Konráð Ragnarsson f.v. hafnarvörður kvaddur. Hafnarnefnd o.fl. munu mæta og þakka honum vel unnin störf við Stykkishólmshöfn.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 22.40

Óli Jón Gunnarsson (sign.),
Símon Sturluson (sign.),
Guðbrandur Björgvinsson (sign.),
Bæring Guðmundsson (sign.),
Hrannar Pétursson (sign.),
Valdimar Kúld Björnsson (sign.).